

# Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda

Þingskjal númer 19, 149 löggjafarþing 2018 – 2018

## Inngangur / lýsing

Eftirfarandi umsögn er unnin af Fjölmeningarsetri vegna fram kominnar þingsályktunartillögu, þingskjal númer 19, 149 löggjafarþing 2018 – 2019 um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda. Markmið hennar er skv. greinargerðinni að: „koma á fót miðlægri upplýsingastofu þar sem innflytjendur geta sótt allar þær upplýsingar um þjónustu, réttindi og skyldur sem auðvelda þeim að koma sér fyrir í nýju samfélagi. Með tillögunni er gert ráð fyrir að ráðgjafarstofa innflytjenda verði samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga og þar geti innflytjendur sótt sér upplýsingar þvert á sveitarfélög. Með innflytjendum er átt við íbúa á Íslandi sem fæddir eru erlendis, óháð ríkisborgararétti, og nær hugtakið einnig yfir flóttamenn, sem og umsækjendur um alþjóðlega vernd.“


## Þörf

Í greinargerðinni með þingsályktuninni er gerð nokkur grein fyrir þeirri þörf sem innflytjendur hafa fyrir upplýsingar. Þarfirnar eru samt mjög mismunandi eftir breytum eins og búsetu, aldri, kyni og hvort fólk kemur frá löndum innan eða utan EES.

Fjölmeningarsetur sinnir nú þegar mjög miklum fjölda erinda frá einstaklingum. Erindin eru flest þannig að viðkomandi þarf ekki að mæta sjálfur til Fjölmeningarseturs heldur er verið að biðja um upplýsingar um feril máls sem þegar er í vinnslu hjá annarri stofnun, hvert beri að leita eftir þjónustu og hvaða réttindi viðkomandi einstaklingur eigi til þjónustu.


Mjög mikið af erindum er svarað í gegnum tölvupóst til ráðgjafa Fjölmeningarseturs, en einnig hefur verið hægt að hringja beint í pólskumælandi ráðgjafa eða mæta á skrifstofu setursins fyrir hádegi virka daga til að ná tali af pólskumælandi ráðgjafa. Fjölmeningarsetur hefur yfir að ráða ráðgjöfum (sem öll nema pólskumælandi ráðgjafinn eru verktakar) sem tala litáísku, serbó-króatísku, rússnesku og tailensku. Einnig verður hægt að pantast símtal við ráðgjafana í gegnum tölvupóst eftir að ný heimasíða stofnunarinnar kemst í gagnid í byrjun nóvember 2018.?

Erindi til Fjölmeningarseturs



## Mynd 1: Erindi til Fjölmeningarseturs

Mikil umferð er á heimasíðu stofnunarinnar eins og sést á myndinni hér fyrir neðan. Umferð um heimasíðuna hefur fjölgað úr 107 þúsund árið 2012 upp í 840 þúsund árið 2017. Á heimasíðunni er hægt að finna upplýsingar um íslenskt samfélag á átta tungumálum; íslensku, ensku, pólsku, rússnesku, serbó-króatísku, taílensku, víetnömsku og spænsku. Brátt bætist arabíska við. Verið er að vinna nýja heimasíðu setursins og verður hún tekin í gagnid í áföngum frá byrjun nóvember fram á vorið 2019.



## Mynd 2: Umferð á heimasíðu Fjölmeningarseturs

Stöðugildi fastráðinna starfsmanna við Fjölmeningarsetur eru 2,75 og er forstöðumaður eini starfsmaður stofnunarinnar í fullu starfi. Þrátt fyrir þetta hefur setrinu tekist að sinna sívaxandi fjölda erinda ásamt föstum verkefnum. Fjárframlög til stofnunarinnar árið 2018 voru 37,9 milljónir króna.

Fjölmeningarsetur hefur í samvinnu við velferðarráðuneytið gefið út bæklinginn „Fyrstu skrefin“ á níu tungumálum sem er ætlaður sem uppflettirit fyrir innflytjendur og hjálpartæki fyrir þá sem þjónusta innflytjendur. Í bæklingnum er textinn settur upp samhliða á íslensku og viðkomandi tungumáli sitt hvoru megin á hverri opnu svo hægt sé að þýða algengar upplýsingar á auðveldan máta. Endurskoðun „Fyrstu skrefanna“ er nýlokið og mun bæklingurinn koma út í nýrri útgáfu síðar í þessum mánuði.

### Nærþjónusta

Undanfarin ár? hefur verið lögð mikil áhersla á að þjónusta við einstaklinga og fjölskyldur skuli vera veitt sem næst notandanum. Málefni grunnskóla eru hjá sveitarfélögunum, málefni fatlaðs fólks auk ýmiskonar stuðnings við einstaklinga og fjölskyldur samkvæmt 12, 13 og 15 greina laga um félagsþjónustu sveitarfélaga númer 40 frá 1991 en þar segir:

„12. gr.

*Sveitarfélag skal sjá um að veita íbúum þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum og jafnframt tryggja að þeir geti séð fyrir sér og sínum.*

*Aðstoð og þjónusta skal jöfnum höndum vera til þess fallin að bæta úr vanda og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf.*

13. gr.

Með íbúa sveitarfélags er í lögum þessum átt við hvern þann sem lögheimili á í viðkomandi sveitarfélagi.

Verði eigi upplýst um lögheimili manns er leitar aðstoðar skal honum veitt aðstoð þar sem hann dvelur.

Flytjist maður milli sveitarfélaga skal hann eiga rétt til þjónustu í því sveitarfélagi er hann flyst til þegar hann hefur tekið sér þar lögheimili. Enginn öðlast þó rétt til þjónustu eða aðstoðar í öðru sveitarfélagi með dvöl sem ekki er ígildi fastrar búsetu, sbr. lög um lögheimili.

15. gr.

[Erlendum ríkisborgurum sem ekki eiga lögheimili í landinu skal í sérstökum tilvikum veitt fjárhagsaðstoð hér á landi. Aðstoð skal veitt af dvalarsveitarfélagi að höfðu samráði við [ráðuneytið], 1) enda hafi áður verið leitað eftir aðstoð frá heimalandi. [Ráðherra] 1) er heimilt að setja nánari reglur 2) um aðstoð samkvæmt ákvæði þessu.

Ríkissjóður skal endurgreiða sveitarfélagi veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í eftirfarandi tilvikum:

a. Aðstoð við erlenda ríkisborgara sem ekki eiga lögheimili í landinu, sbr. 1. mgr.

b. Aðstoð við erlenda ríkisborgara skv. 12.–13. gr. laganna sem átt hafa lögheimili í landinu skemur en tvö ár.] 3)“

Sveitarfélög hafa þannig ótvíræða skyldu til þess að sinna öllum íbúum sveitarfélagsins án tillits til ríkisborgararéttar og skiptir engu hvort um er að ræða að aðstoða íbúa við að hafa samskipti við stofnanir á vegum ríkisins eða hvort að aðstoðin er með beinum hætti, til dæmis í formi fjárhagsaðstoðar.

Ríkisvaldið og stofnanir þess hafa einnig ríka upplýsingaskyldu gagnvart almenningi. Sérstaklega er tekið á þeim málum gagnvart innflytjendum í lögum númer 116 frá 2012 þar sem fjallað er um hlutverk Fjölmenningsseturs, en þar segir:

„3. gr. Hlutverk Fjölmenningsseturs.

Verkefni Fjölmenningsseturs eru meðal annars að:

a. veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf og upplýsingar í tengslum við málefni innflytjenda,

b. vera sveitarfélögum til ráðgjafar við að taka á móti innflytjendum sem flytjast í sveitarfélagið,

c. taka saman og miðla upplýsingum um réttindi og skyldur innflytjenda,

d. fylgjast með þróun innflytjendamála í þjóðfélaginu, meðal annars með upplýsingaöflun, greiningu og upplýsingamiðlun,

e. koma á framfæri við ráðherra, innflytjendaráð og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir sem hafa það að markmiði að allir einstaklingar geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu óháð þjóðerni og uppruna,

f. taka saman árlega skýrslu til ráðherra um málefni innflytjenda,

g. hafa eftirlit með framgangi verkefna sem fram koma í þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, sbr. 7. gr.,

h. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna og þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda og einnig samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

*Stofnunum, fyrirtækjum og félagasamtökum er skylt að veita Fjölmeningarsetri hvers konar almennar upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar til að annast þau verkefni sem lög þessi felja því.“*

Liðir a og c taka sérstaklega á miðlun upplýsinga til einstaklinga sem Fjölmeningarsetur sinnir með því að svara erindum og miðla upplýsingum í gegnum vef og aðra miðla (til dæmis með útgáfu upplýsingabæklingsins „Fyrstu skrefin“ sem gefineru út í samstarfi við velferðarráðuneytið.

Það er því ljóst samkvæmt núverandi lagaramma að bæði ríki og sveitarfélög hafa nú þegar skyldum að gegna við það verkefni að auka þátttöku innflytjenda í íslensku samfélagi og sjá til þess að þau geti notið réttinda sinna í hvívetna. Almenn séð er talið best að veita þjónustu við fólk í þeirra heimabyggð eins og flutningur málefna fatlaðs fólks og grunnskólans bera glöggt vitni þótt auðvitað sé á stundum tekist á um fjárveitingar.

### Hlutverk í málefnum flóttamanna

Síðustu misserin hefur verið að störfum nefnd í velferðarráðuneytinu um samræmda móttöku flóttamanna. Nefndin hefur nýverið skilað frá sér tillögum þar sem lagt er til að

Fjölmeningarsetur fái aukið hlutverk og vægi í þjónustu við flóttafólk. . Náitillögurnar fram að ganga fær setrið það hlutverk að para saman flóttafólk og sveitarfélag í samræmi við þarfir fólksins og þau úrræði sem eru til staðar í viðkomandi sveitarfélagi. Fjölmeningarsetur myndi einnig eiga sæti í samráðsnefnd aðila sem koma að umsýslu flóttamannamála og almennt veita sveitarfélögunum stuðning. Fjölmeningarsetur myndi enn fremur koma að gerð kynningar og námsefnis fyrir flóttafólk.

Samkvæmt tillögunum myndi fólk njóta stuðnings innan samræmds móttökukerfis í allt að tvö ár. Sumir koma til með að þiggja aðstoð sveitarfélags sem hingað til hefur ekki komið að málaflokki flóttamanna í miklum mæli. Þá skiptir miklu máli að til staðar sé stuðningur við viðkomandi sveitarfélag og þá einstaklinga sem um ræðir eftir að formlegu móttökuférlu lýkur.

### Ráðgjafarþjónusta í Reykjavík

Ef opnuð verður sérstök miðstöð fyrir innflytjendur í Reykjavík myndi hlutverk slíkrar stofnunar væntanlega skarast að verulegu leyti á við hlutverk Fjölmeningarseturs. Þar með væri á hendi ríkisins (að minnsta kosti að hluta til) tvær stofnanir að vinna í sama málaflokki. Slíkt myndi að mati Fjölmeningarseturs skapa óþarfa flækjustig. Fjölmeningarsetur leggst ekki gegn því að innflytjendur fái notið aukinnar þjónustu, hvort sem hún er veitt af hendi ríkis eða sveitarfélaga. Ljóst er af umferð inn á heimasíðu Fjölmeningarseturs og þeirra erinda sem stofnunin fær að þörf innflytjenda fyrir upplýsingar er mjög mikil.

Fjölmeningarsetur leggur því til að sé það vilji Alþingis að stofnuð verði sérstök ráðgjafastofa fyrir innflytjendur í Reykjavík, með aðkomu Reykjavíkurborgar og eftir atvikum annara sveitarfélaga, að Fjölmeningarsetri verði falið verkefnið af hálfu ríkisins og það hljóti til þess fjárveitingu sem til þess dugi. Með slíku fyrirkomulagi myndast aukið hagræði, hjá ráðgjöfum Fjölmeningarseturs er til staðar yfirgripsmikil þekking á ráðgjöf og stuðningi við innflytjendur bæði innan og utan EES. Fámennari sveitarfélög myndu einnig njóta góðs af auknum styrk Fjölmeningarseturs en mörg þeirra hafa þegar notið aðstoðar setursins í ýmsum málum, allt frá leiðbeiningum við gerð móttökuáætlana, yfir í aðstoð við úrlausn einstaklingsmála.

Mörg sveitarfélög hafa þegar byggt upp þjónustu við innflytjendur í heimabyggð með sérstaka tengiliði í málafloknum sem innflytjendur geta leitað til og má þar m.a. nefna Alþjóðaskrifstofu

Akureyrar sem veitir öfluga þjónustu. Að þessu framansögðu má telja óvíst hvort opnun nýrrar ráðgjafarstofu á höfuðborgarsvæðinu henti öllum sveitarfélögum jafnvel.